

✉ Fw: Re: FS: Breikkun Reykjanesbrautar - Drög að tillögu að matsáætlun

Búið til	16.10.2020 13:50:28
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	16.10.2020 13:50:27
Tilheyrir	📁 202010-0006 - Breikkun Reykjanesbrautar - Drög að tillögu að matsáætlun

Efni

Fw: Re: FS: Breikkun Reykjanesbrautar - Drög að tillögu að matsáætlun

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	16.10.2020 13:50:27	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	bergross@mannvit.is

Innihald

Tilvisun í málsnr. 202010-0006 (TB)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Mannviti, dags. 5. október sl., þar sem óskað er eftir því að Náttúrufræðistofnun Íslands kynni sér drög að matsáætlun fyrir breikkun Reykjanesbrautar (41) frá Krýsuvíkurvegi að Hvassahrauni.

Almennt gefur Náttúrufræðistofnun ekki umsagnir um matsáætlanir á vinnslustigi fyrr en þær berast frá Skipulagsstofnun. Ástæðan fyrir því er að stofnunin er ekki lögbundin umsagnaraðili um matsáætlanir. Skipulagsstofnun hefur engu að síður óskað sérstaklega eftir því að Náttúrufræðistofnun gefi umsagnir um matsáætlanir og hefur stofnunin gert það en vegna mannekleu haldið sig við umsagnir um áætlanirnar þegar tillögur að þeim liggja fyrir. Þar sem Náttúrufræðistofnun hefur tekið að sér að rannsaka fyrir Vegagerðina gróðurfar og fuglalíf á umræddum vegakafla telur stofnunin eðlilegt að bregðast við þeirri ósk að fara yfir þau atriði í framangreindri matsáætlun og snúa að hlutverki stofnunarinnar.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir matsáætlunina og gerir ekki athugasemdir við þá þætti hennar sem snúa beint að rannsóknum stofnunarinnar. Þó er rétt að það komi fram að stofnunin, skv. upplýsingum frá Vegagerðinni, gerði ráð fyrir að enginn hluti vegkaflans frá Krýsuvíkuraflleggjara að Hvassahrauni væri norðan núverandi vegar.

Í kafla 3.4 í matsáætluninni segir: „Aðkoma að álveri ISAL breytist þannig að útbúin verður ný aðrein sem tengist inn á hringtorg og þaðan verður útbúin ný frárein til vesturs. Sunnan vegamótanna við ISAL verður útbúið hringtorg og ný vegtenging úr suðri. Þá er gert ráð fyrir akstursgöngum á milli lóða álversins. Landmótun vegamóta verður með svipuðum hætti og hjá öðrum mislægum vegamótum vestar á Reykjanesbraut.“ Jafnframt segir: „Tengingin við Straum er hugsuð til bráðabirgða og er á viðkvæmu svæði við tjarnirnar í fjörunni vestan álvers. Framtíðar aðkoma að svæðinu verður um mislæg vegamót við Rauðamel. Mynd 3.5 sýnir kennisnið fyrir veg að Straumi, samliggjandi Reykjanesbraut.“ Síðan segir: „Í samskiptum sem Vegagerðin hefur átt við Hafrannsóknastofnun hafa sérfræðingar stofnunarinnar lýst yfir áhyggjum af nálægð fyrirhugaðra framkvæmda við tjarnirnar í fjörunni vestan álversins, Straumstjarnir, en fyrirhuguð aðrein frá álverinu til vesturs og bráðabirgðavegur að Straumi kemur til með að vera þar í fjöruborðinu. Til að koma í veg fyrir að tjarnirnar verði fyrir raski er fyrirhugað að hlaða kantinn upp með grjóti og setja vegrið á veginn í stað þess að hafa fláa út í tjarnirnar. Þegar nákvæm útfærsla liggur fyrir mun Vegagerðin greina Hafrannsóknastofnun frá fyrirkomulagi aðreinarinnar og bráðabirgðavegarins að Straumi með hliðsjón af tjörnunum. Þá mun Vegagerðin láta gera rannsókn á dýralífi í tjörnunum og meta áhrif framkvæmdarinnar á það (sjá kafla 5.6). Einnig mun Vegagerðin láta meta áhrif framkvæmdarinnar á yfirborðsvatn og grunnvatn (sjá kafla 5.5).“

Náttúrufræðistofnun tekur undir áhyggjur af vegagerðinni í Straumsvík og lýst er hér að framan. Í matsáætluninni kemur skýrt fram að Vegagerðinni er að fullu ljóst mikilvægi þessa svæðis sem hér um ræðir. Eins og kemur einnig fram hér að framan er um bráðabirgðalausn að ræða. Í áætluninni er ekki alveg ljóst hvers vegna um sé að ræða bráðabirgðalausn eða hve lengi hún eigi að vara. Náttúrufræðistofnun telur að finna eigi lausn, sem kynnt verður í frummatsskýrslu, sem ekki skerði Straumsvík meira en orðið er. Hvort sú laun sem er boðuð, þ.e. „Til að koma í veg fyrir að tjarnirnar verði fyrir raski er fyrirhugað að hlaða kantinn upp með grjóti og setja vegrið á veginn í stað þess að hafa fláa út í tjarnirnar.“, komi til með að duga er óljóst að þessu stigi. Í framhaldi af þessu má einnig benda á að hér er um að ræða svæði á náttúruminjaskrá og leita ber því álitis Umhverfistofnunar og Náttúrufræðistofnunar, sjá 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, um lausnir/framkvæmdir á svæðinu þó Hafrannsóknastofnun taki að sér tiltekna rannsóknir. Aðalatriðið hér er að sýna fram á að Straumsvík verði ekki raskað meira en orðið er.

Í kafla 3.4 segir einnig að mislæg gatnamót verði við Rauðamel og að framtíðar aðkoma að svæðinu verði um þau vegamót. Svo virðist sem það vanti frekari skýringar á þessum gatnamótum og framtíðar vegtengingum við þau. Þetta verður að fara betur yfir í frummatsskýrslu.

Meðfylgjandi er mynd sem Náttúrufræðistofnun útbjó vegna bráðabirgðavegar í Straumsvík, út frá gögnum frá Vegagerðinni. Hversu áreiðanleg myndin er miðað við hugsanlegar útfærslur Vegagerðarinnar getur Náttúrufræðistofnun ekki fullyrt um en eins og hún er sett fram verður þó nokkur röskun í Straumsvík, þetta þarf að skoða sbr. framangreint.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (<mailto:trausti@ni.is>)



Frá: Bergros Arna Sævarsdóttir <bergross@mannvit.is>

Sent: mánudagur, 5. október 2020 10:28

Til: Móttaka - NI <mottaka@ni.is>; Trausti Baldursson - NI <Trausti.Baldursson@ni.is>

Efni: Breikkun Reykjanesbrautar - Drög að tillögu að matsáætlun

Góðan dag

Meðfylgjandi eru drög að tillögu að matsáætlun fyrir breikkun Reykjanesbrautar (41) frá Krýsuvíkurvegi að Hvassahrauni.

Óskað er eftir því að Náttúrufræðistofnun Íslands kynni sér drögin og sendi ábendingar eða athugasemdir fyrir 19. október nk.

Athugasemdir skal senda til: Mannvit /Urðarhvarfi 6 /203 Kópavogi, merktar "Reykjanesbraut" eða með tölvupósti til haukur@mannvit.is (mailto:haukur@mannvit.is)

Forsvarsmenn verkefnisins ásamt ráðgjafa eru reiðubúnir að kynna verkefnið óski Náttúrufræðistofnun Íslands þess.

Bestu kveðjur,

Bergrós Arna Sævarsdóttir

Umhverfisverkfræðingur

Environmental Engineer

Sími / Tel: +354 422 3614

GSM / Mobile: +354 866 5761



www.mannvit.is / (<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.mannvit.is%2F&data=02%7C01%7Cbergross%40mannvit.is%7C7c00652034874bce7f6008d84ff29988%7Ca531603b36984d3190d4a2e44b09fe9c%7C0%7C0%7C637347250661359075&sdata=318D82vCGoURVtbm%2B2AvOh3cReU7hOf%2BiltObqyy%2Fdg%3D&reserved=0>)www.mannvit.com (<http://www.mannvit.com/>)

Viðhengi

image001.gif (2 KB)

Straumsvík_veglína.JPG (467 KB)

image001.gif (2 KB)

image001.gif (2 KB)

image001.png (5 KB)



lupina-
húspunktur,
vallarfex,
hallingresi, snarrot
linogvin eða
blomgresiv a
hrauni vallhumari

sjavarfittingisvíst

sjavarf

sjavarf

linogvin
í hrauni

storstraumabota

linogvin/lynghrtraun

lynghrv/mosahr
- grosug

mjoar fitjar
agrovín

sjavarf

1

2

3

4

5

6

7

8

9

10

11

12

13

14

15

16

17

18

19

20

21

22

23

24

25

26

27

28

29

30

31

32

33

34

35

36

37

38

39

40

41

42

43

44

45

46

47

48

49

50

51

52

53

54

55

56

57

58

59

60

61

62

63

64

65

66

67

68

69

70

71

72

73

74

75

76

77

78

79

80

81

82

83

84

85

86

87

88

89

90

91

92

93

94

95

96

97

98

99

100